



180. fundur

sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar

haldinn í Kjarna fimmtudaginn 12. nóvember kl. 13:00

Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Árni Pétur Hilmarsson, Heiða Guðmundsdóttir, Ragnar Bjarnason og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson.
Að auki sat fundinn Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun Þingeyjarsveitar fyrir árið 2016
2. Framvinduskýrsla vegna mótvægisáðgerða
3. Fundargerðir Félags- og menningarmálanefndar frá 29.10.2015 og 03.11.2015
4. Bændur græða landið
5. Greið leið ehf. – árleg hlutafjárukning
6. Snorraverkefnið 2016

1. Fjárhagsáætlun Þingeyjarsveitar fyrir árið 2016

Fjárhagsáætlun Þingeyjarsveitar fyrir árið 2016 tekin til umræðu. Skrifstofustjóri og veitustjóri mættu til fundarins undir þessum lið. Sveitarstjóri og skrifstofustjóri gerðu grein fyrir áætluninni. Veitustjóri gerði grein fyrir stöðu framkvæmda og fyrirhuguðum framkvæmdum í vatnsveitu og hitaveitu. Vinnu við fjárhagsáætlun 2016 framhaldið og fyrri umræða áætluð þann 26. nóvember n.k., seinni umræða og afgreiðsla fjárhagsáætlunar er áætluð þann 10. desember n.k.

2. Framvinduskýrsla vegna mótvægisáðgerða

Lögð fram önnur framvinduskýrsla verkefnastjóra mótvægisáðgerða, sbr. erindisbréfi samþykkt í sveitarstjórn 20. ágúst s.l.

Haldinn var kynningarfundur í Seiglu – miðstöð sköpunar þann 27. október s.l. Umræður um Seiglu og atvinnumál voru góðar og var ákveðið að halda reglulega samræðufundi næstu mánuði. Stefnt er á næsta fund 19. nóvember n.k. Verkefnastjóri gerði grein fyrir hugmyndum um breytingar á Bókasafni Reykdæla sem mótaðar hafa verið í samráði við Grétu bókavörð

safnsins og lagði fram kostnaðaráætlun til samþykktar varðandi það sem og kostnaðaráætlun vegna starfsemi Seiglu. Verkefnastjóri mun vinna áfram að hugmyndum um frekari nýtingu á húsnæði Seiglu en sveitarstjórn hefur lagt til við gerð fjárhagsáætlunar 2016 að halda 50% starfi verkefnisstjóra út árið 2016.

Sveitarstjórn samþykkir framlagða kostnaðaráætlun vegna starfsemi Seiglu og vegna breytinga á Bókasafni Reykdæla og vísar til gerðrar fjárhagsáætlunar 2016.

3. Fundargerðir Félags- og menningarmálanefndar frá 29.10.2015 og 03.11.2015

Lagðar fram fundargerðir Félags- og menningarmálanefndar frá 29. október sem er í 8 liðum og frá 3. nóvember s.l. sem er í öðrum liðum. Heiða gerði grein fyrir fundargerðunum.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðirnar. Ragnar Bjarnason tók ekki þátt í umræðu og afgreiðslu 6. liðar fundargerðar frá 29.10.2015, úthlutun styrkja til lista- og menningarstarfs, vegna vanhæfis.

4. Bændur græða landið

Fyrir fundinum liggur beiðni um styrk frá Daða L. Friðrikssyni f.h. Landgræðslu ríkisins, dags. 29. október s.l. Óskað er eftir styrk að fjárhæð kr. 360 þús. vegna samstarfsverkefnisins „Bændur græða landið“ og annarra verkefna í Þingeyjarsveit á árinu 2015.

Sveitarstjórn samþykkir erindið. Margrét Bjarnadóttir tók ekki þátt í afgreiðslu undir þessum lið vegna vanhæfis.

5. Greið leið ehf. – árleg hlutafjárúkning

Fyrir fundinum liggur bréf frá Pétri Þór Jónassyni, formanni stjórnar Greiðrar leiðar ehf. dags. 6. nóvember s.l þar sem óskað er eftir árlegri hlutafjárúkningu í félaginu. Hlutafjárúkning 2015 er að upphæð 40 millj.kr.

Einnig er óskað eftir að hluthafar staðfesti að þeir falli frá forkaupsrétti á 1,1 millj.kr.

Eignarhluti Þingeyjarsveitar er 14,16% og hlutafjárúkning sveitarfélagsins því kr. 5.509.322.

Sveitarstjórn samþykkir að falla frá forkaupsrétti á 1,1 millj.kr. í Greiðri leið ehf. Einnig samþykkir sveitarstjórn hlutafjárúkningu sveitarfélagsins í Greiðri leið ehf. fyrir árið 2015.

6. Snorraverkefnið 2016

Tekið fyrir erindi frá Ástu Sól Kristjánsdóttur f.h. stjórnar Snorrastjóðs, dags. 30. október s.l. þar sem óskað er eftir fjárstuðningi við Snorraverkefnið sumarið 2016.

Sveitarstjórn hafnar erindinu.

Til kynningar:

- a) Fundargerð 830. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga
- b) Fundargerð 22. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga
- c) Stofnsamningur Héraðsnefndar Þingeyinga bs.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:30

Arnór Benónýsson

Margrét Bjarnadóttir

Ásvaldur Ævar Þormóðsson

Árni Pétur Hilmarsson

Heiða Guðmundsdóttir

Ragnar Bjarnason

Sigurður Hlynur Snæbjörnsson